

Jón B. Kristjánsson.
kt.0502693109

Til umhugsunar vegna vegna vopnalaga.

Félagafrelsi:

Stangast félagsaðild fyrir C & D-leyfi á við lög um félagafrelsi í stjórnarskrá Íslands? Ríkislögreglustjóri taldi það 2007 ólöglegt að skylda einstakling til að vera í félagi innan ísí til að eignast boga samkvæmt úrskurði umboðsmanns alþingis frá 2005-2006 og svo gerði umboðsmaður alþingis einnig ath gagnvart Dómsmálaráðuneytinu við skyldu aðild að félagi um bogaeign haustið 2012 en gerði ekkert meira í málinu þar sem Dómsmálaráðuneytið sagði að verið væri að vinna í frumvarpi til leggja fram tillögur að fella niður skilyrði um alla bogaeign. Frumvarpið var lagt fram en sett á ís vegna alþingiskostninga og enn hefur því ekki verið breytt.

Skotfélög: Nú er eftirlits og umsagnarhlutverk skotfélaga orðið umtalvert bæði er varða eign og úgáfu S & D leyfa. Þarna eru yfirvöld að koma sér undan sínum skildum og koma ábyrgð og vinnu sem þau eiga að sinna yfir á aðra sem opnar svo fyrir misræmi í framkvæmd og fyrir persónulegar skoðanir forsvarsmanna skotfélaga, hver verður ábyrg skotfélaga meiga forsvarsmenn þeirra búast við að verða dregnir til ábygðar persónulega verði félagsmenn uppvísir að saknæmu athæfi jafnt innan skotæfingasvæðis sem utan sama á við um skot- eða æfingastjóra. Ef skotfélög eiga að sinna þessum skildum hverjar verða heimildir þeirra til inngrips og eftirlits og verður félögum td. heimilt að halda skrár yfir réttindi félaga og hvernig skal meðhöndla slíkt.

Kröfur um örugga varðveislu:

Nú verða aukar kröfur gerðar um varðveislu safnvopna, en það er ekkert að sjá um auknar kröfur á þá sem hafa td. S eða D leyfi eða eru með jafnvel fleiri tugi byssa á almennum leyfum? Afhverju eru mismunandi kröfur á sambærileg vopn eftir skráningu á td. S- eða D-leyfi, spurning um meðalhófsreglu. Þarna mætti horfa til Danmerkur þar eru td. Gerðar auknar kröfur um varðveislu við eign á hálfsjáfvirkri haglabyssu, umfram handhlaðnar.

Gerð og búnaður vopnaskápa þetta atriði þarf að vera fast í lög ekki síbreytilega regugerð ráðherra þannig að þær kröfur sem eru gerðar í dag séu ekki úreltar á mögunn. Ekki ætti að gera einhverjar sérstakar kröfur um lágmarksstærð, heldur eingöngu að viðkomandi geti sýnt fram á að hann komi öllum sínum vopnum örugglega fyrir í sinni geimslu. Þar sem eru sérstök rými/herbergi fyrir vopn þarf að vera skýrt hvaða kröfur það þarf að uppfylla ss. gerð veggja, hurðar og lokunar glugga sé hann fyrir hendi.

Bann við geimslu utan heimilis:

Þetta þarf að útfæra eh. öðruvísi hvað með td. ungt fólk í námi á heimavist eða stúdentagörðum nú eða í leiguhúsnæði þar sem ekki má festa skápa í gólf eða vegg. Eða fólk sem býr hluta árs erlendis og húsnæði jafnvel eftirlitslaust vikum samann. Þarna mætti tilnefna geimslustað og ábygðaraðila sem uppfyllir kröfur um aðbúnað og leyfi eins að þetta væri tilkynnt til yfirvalda/Lögreglu.

Lofthbyssur:

Undir ákveðnu afli og cal. ættu ekki að vera leyfisskyldar og miðast við td 16-18 ára aldur líkt og í nágranalöndum.

Litboltabyssur.

Afhverju eru þær leyfisskyldar og eingöngu leyfðar til félaga/fyrirtækja þegar í flestum öðrum löndum, þá eru þær ekki háðar neinum takmörkunum.

Vöktun:

Í frumvarpinu eru vopnasafnarar og Skotfélög skildaðir með lögum í viðskipti við „viðurkennd öryggisfyrirtæki“ og ráðherra gefin heimild til að skilgreina í reglugerð hvað telst viðurkennt öryggisfyrirtæki.

Í gildi eru lög um öryggisþjónustu (lög nr. 58/1997) og samkvæmt þeim eru það einstaklingar og skráð félög sem sjá um öryggisþjónustu. Ekki er þar áskilið að um fyrirtæki sé að ræða og því misræmi í frumvarpinu og gildandi lögum um öryggisþjónustu.

Eins og frumvarpið er sett upp er þessi krafa ekki framkvæmanleg í dag þar sem þjónustan er ekki í boði nema á litlum hluta landsins og þar með klár mismunun eftir búsetu. Verði kvöðin um viðskipti við öryggisfyrirtæki að veruleika er einnig hætt við því að það dragi úr öryggi, því mjög mörg eftirlitskerfi í einkaeigu safnara eru mun fullkomnari en það sem starfandi öryggisfyrirtæki bjóða upp á, þeir sem sinna öryggisþjónustu hafa hvorki valdbeytingaheimildir né heimild til forgangsaksturs og veita enga þjónustu sem eigendur öryggiskerfa geta ekki gert sjálfir og þau því óþarfur milliliður. Enda ljóst að ef óviðkomandi er að reyna að komast í skotvopnageymslu þarf að kalla til lögreglu án undantekninga. Sama umhverfi gildir þá væntanlega um innflutnings og endursöluaðila á skotvopnum og skotfærum á landsbyggðinni og Skotíþróttafélög. Þarna mætti útfæra þannig að sjái viðkomandi fram á að verða utan “þjónustusvæðis” tímabundið gæti hann tilkynnt það samskiptamiðstöð lögreglu sem gæti þá tekið við boðum tímabundið og brugðist við.

Stenst það lög að skilda einstaklinga, fyrirtæki og félögí viðskipti við ákveðna einkaaðila þar sem ekki er samkeppni eða fákeppni á markaði og hver hefur eftirlit með þessum aðilum að þeir sinni sínu og hver verður ábyrgð þeirra. Svo er enn og aftur meðalhófsregla er vopn á S-leyfi hættulegra en sambærilegt vopn á D-leyfi það er því sem dæmi hægt að eiga 5 skammbyssur á D-leyfi án þess að hafa öryggiskerfi en ekki 1 skammbyssu á safnaraleyfi að þurfa öryggiskerfi ef viðkomandi á eina safnbysstu eða að hægt sé að eiga 50 eða jafnvel 100 byssur sem skráðar eru á önnur leyfi án kröfu um þjófavörn/öryggiskerfi. er erfitt að sjá hvar munurinn á þessu liggur. Þarna væri betra að gera kröfur um ákveðin lágmarksbúnað ss. gerð og fjölda skynjara í geymslurými, úthringibúnað og myndræna vöktun.

Ábyrgð og eftirlit opinberra aðila:

Í þessu frumvarpi kemur hvergi fram hverjar eru eftirlitsskydur hinns opinbera hvernig mun verða staðið að úttekt á vopnaskápum og öryggisráðstöfunum, hefur verið tryggt starfsfólk og tjármagn í þennan málaflokk eða verður þetta afgangsstærð vakthafandi lögregluþjóna í viðkomnadi umdæmi sint í hjáverkum eftir því sem tími vinnst til, eins með útgáfu leyfa nú mun það álag stóraukast er eðlilegt að þurfa að bíða í 6-9 mánuði eftir endurnýun S-leyfis vegna þess að eini lögregluþjónnin/starfsmaðurinn sem hefur málaflökkinn undir höndum er í veikindaleyfi og/eða sumarfríi, mun taka margar vikur að fá samþykka vörureikninga og forskráningar vegna innflutnings með tilheyrandi kostnaði, þetta er í sumum umdæmum mikil afturför frá því sem áður var þegar hægt var að leyta beint til leyfedeildar með úrlausnir sinna mála.

Þessir ferlar verða að vera skýrir og tryggir og ætti að vera sinnt af starfsmönnum í dagvinnu svo þessi má dragist ekki óheyrilega á langinn.

Nú þegar í dag er kominn upp mismunun á milli lögreglumdæma í tíma á útgáfu leyfa eftir að rafræn skráning kom inn þar sem það eru sumstaðar sérvaldir vakthafandi lögregluþjónar sem sjá um þessi mál og þegar þeir eru í fríi eða vinna öðrum málum þá séu leyfin ekki gefin út. Svona skráning ætti að vera sjálfvirk þar sem nú er farið notast við rafræna skráningu og í raun ætti bara að þurfa að samþykkja undirritun í gegnum síma á staðnum eins og gert er með t.d Visalán svo einstaklingur geti tekið byssuna með sér við kaup en þurfi ekki að bíða í x margra daga eða vikur

eftir að fá leyfið svo fremi að eftirlit og skráning/skráningarkerfi sé í lagi hjá yfirvöldum. Er það ekki takmarkið.

Hvert er ábyrgðarhlutverk tollþjónustu og annara yfirvalda varðandi eftirlit með innflutningi réttri afhendingu inn í landið og skráningum, það hafa komið upp ítrekuð atvik þar sem hefur verið misbrestur á skráningu á löglegum vopnum sem hafa komið eftir löglegum leiðum til landsins og farið í löglegt sölufæri og hafa svo ekki fundist á skrá við sölu eða tvískráðar, fullvirk vopn í notkun allt í einu skráð sem fargað. Svo þarf allskonar pappíra fyrir límband og taupoka af því það heitir byssu eh. Þarna er einhverstaðar mikill misbrestur sem hefur ekki farið hátt í umfjöllun en verður að taka virkilega til skoðunar, þetta er ekki bara ábyrgð kaup eða seljanda. Er það eðlilegt að það taki upp í heilan mánuð að fá afhenta sendingu með 2 löglegum skotgeimum vena kauðagangs tollayfirvalda með tilheyrandi kostnaði þetta þarf að skoða og skýra verkferla.

Byssustingir:

Ríffill skráður á B leyfi en meðfylgjandi Byssustingur sem er ekkert annað en hnífur eða oddhvass teinn og er til á öllum heimilum sem eldhústól, þarf S-leyfi og geimast í skotvopnaskáp!!!! þetta ætti að vera óþarfi og er hvergi innan EU/ESB. Lítum til Noregs eins og gert var í frumvarpinu, þar ganga byssustingir kaupum og sölum án kvaða annara en 18 ára aldurs og eins er í Bretlandi. Þarf að fara að skrá alla eldhúshnífa

Safnvopn:

Gamlar svartpúðursbyssur og framhlaðningar ásamt nútíma eftirlíkingum þeirra ættu að vera undanþegnar ákvæðum um cal. og takmörkunum á innflutningi og hreinlega skráðar á viðeigandi leyfi B-D-S eftir þörfum og notkun á skotsvæðum ekki takmörkuð frekar en skotfélög vilja.

Skoða þarf betri útfærslu á útgáfu safnaraleyfa mjög skrítið að fólk sem tekur byssuleyfi seint þarf að bíða í heil 10-12 ár eftir slíku leyfi. nær væri að setja upp eh.konar námskeið og próf sem þarf að standast en þarna er verið að fara ódýru einföldu leiðina bara banna, frekar en koma með úrlausn á málum.

Bann við innflutningi á full og halfsjáfvirkum byssum með sögulega tengingu leysir engan vanda heldur, þetta er nú þega til í landinu hinnsvegar er vel ásættanlegt að auka kröfur um hæfni eigenda og varðveislu slíkara verkfæra. “Vélbyssu” orðið hljómar vissulega ekki vel en þessar byssur sem er verið að flytja til landsins eru forngripir og í bestafalli óáreiðanlegar í virkni þó þær séu ekki hættulegar í þeim skilningi mekanískt, þetta eru jú 80 ára forngripir sem hefur verið jaskað út allavega eina styrjöld, vandamál sem hafa hlotist af safnvopnum eru mest búinn til í fjölmiðlum.

Þarna mætti skoða einhverjar útfærslur með sjálf og hálfhálfvirkra safnvopn td. að einstaklingur sem er lögmætur safnari geti áfram flutt inn í eigin nafni til eigin söfnunar ekki endursölu, það hefur jú verið í gildi sú regla að einstaklingur geti að hámarki flutt inn 2 byssur til eigin nota á ári, væri svo bætt við þetta að gripurinn mætti ekki vera yngri en WWII mundi draga verulega úr innflutningi en eftir sem áður væri mögulegt fyrir þá sem eru af lífi og sál í söfnun að flytja inn það sem þá vantar í sín söfn. Þetta mundi skila því að þeir sem eru raunverulega að safna gætu haldið áfram með sína söfnum en sigtað út tækifæris kaupendur þar sem þetta er umtalsverð fyrirhöfn fyrir viðkomandi.

Notkun safnvopna:

Heimil svæði fyrir safnvopna prófanir og sýningar, aðbúnaður og kröfur um öryggi og leyfi þetta þarf að vera skýrt og skotfélög að gefa samþykki sitt fyrir slíku og fá viðurkenningu.

Mætti útfæra þetta þannig? að ekki þyrfti að sækja um leyfi með löngum fyrirvara til að prófa eða sýna safnbyssur heldur væri hægt að tilkynna það með t.d. xx daga fyrirvara, hvað ætti að prófa/sýning, hvar, hvenar prófun og magn skota fari fram. Það ætti að vera einfalt að koma þessu inn á island.is og þá þannig að viðkomandi gæti prentað út kvittun fyrir tilkynningunni og hún væri gild í xx daga, ef öll skilyrði væru til staðar. Þetta mundi líka vera minna álag á lögregluna að þurfa ekki að vera að afgreiða þessi leyfi. Þarna mætti líka vera takmörk á fjölda skipta á ársgrundvelli

Skotfæri:

Varðandi eign skotfæra

Hámarks fjöldi skota sem má eiga...mætti kannski hugsa þetta fyrir safnvopn. Keppnisfólk kaupir gjarnan skotfæri í miklu magni við upphaf hvers tímabils bæði til þess að tryggja sér samhverf skotfæri í allt æfinga og keppnistímabilið og líka fá betri kjör með að kaupa mikið magn í einu, og eins er framboð á skotfærum hérlendis mjög sveiflukennt og enginn vill verða skotfæralaus á miðju tímabili. Ekki er óalgengt að keppnisfólk í topp flokki sé að skjóta 10-15 þús skotum á tímabili og jafnvel 250-400 skotum á dag á háundirbúnings tíma þetta þarf að vera áfram mögulegt til þess að við getum átt skotíþróttafólk í fremstu röðum. Þarna væru skilyrði um geimslur málið.

Aldurstakmörk Skotíþróttá:

Afhverju fetum við ekki í spor norðulandaþjóðanna með það að leyfa frá 10 aldri skjóta af loftbyssum og svo eftir því sem einstaklingur sé eldri að stærri og öflugri byssur komi inn.

Aldurstakmörk Skotveiða:

Þetta mætti lækka og koma á kerfi svipað ökuleyfi námskeið fyrir bæði ungmenni og forsjáraðila og svo æfingatími þannig að möguleyki sé að fara með á veiðar með eldri veiðimanni sem bæri alla ábyrgð á viðkomandi og hans vopni mtti bynda við A-leyfisvopn og jafnvel sem hefðu bera eitt skothylki í senn.

Er það vegna þekkingaleysis, hræðslu/fordóma sem við leyfum þetta ekki eða viljum skoða?. Ekki er gott að fræðsla þessara aldurshópa fari fram í tölvuleikjum.

Hljóðdemparar:

Í reglugerðum þá eru hljóðdemparar leyfðir en skráningarskyldur og var það mikið líðheilmál að fá þá samþykkt, nú tíðkast skráning hljóðdempara hvergi í nágranalöndum td Noreygi, þetta mætti fella út til að minnka álag á eftirlitsaðila/leyfisveitanda.

Túlkun og vinnureglur:

Skepti á riffla og haglabyssur eru háðar vinnureglu og samþykki ráðuneytis á þeim vinnureglum. Sem dæmi samanbrjótannlegt og stillanleg skepti á riffil er leyft en ekki sambærilegt stillanleg skepti á haglabyssu .Legið hefur inni ósk um breytingu vegna þessa haglabyssu hátt í 3 ár en ekki enn komið svar frá ráðuneyti.

Norðulandaþjóðirnar eru ekki með takamarkanir á úttliti og formi afturskepptis á rifflum og haglabyssum. Væri nær að koma þessu inn í lög.

Íhlutir:

Hvað telst nauðsinlegur íhlutur í skotvopn þetta atriði þarf skýrt og á að vera fest í lögum og ekki vera háð "vinnureglum RLS" eða síbreytilegum reglugerðum ráðherra.

Undirritaður er:

Skotáhugamaður, Byssusafnari, Byssusmiður og formaður Skotfélagsins



kt. 0502693109